

Yfirlýsing peningastefnunefndar 15. júní 2011

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana verða áfram 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavextir 5,25%.

Verðbólguhorfur hafa versnað frá síðasta fundi peningastefnunefndar, a.m.k. til skemmri tíma, og raunvextir Seðlabankans lækkað. Nýjar upplýsingar sem hafa birst frá síðustu vaxtaákvörðun breyta ekki horfum um hagvöxt og atvinnu. Hins vegar benda nýlegar yfirlýsingar til að horfur séu á meiri slaka í ríkisfjármálum en áður var gert ráð fyrir.

Verðbólga hefur aukist undanfarna fjóra mánuði. Tólf mánaða verðbólga mældist 3,4% í maí og er gert ráð fyrir að verðbólga verði áfram nokkuð mikil út næsta ár. Hins vegar er kjarnaverðbólga við verðból gumarkmiðið. Meiri verðbólga skýrist m.a. af lágu gengi krónunnar og nýlegum verðhækkunum hrá- og olíuvöru. Haldist gengi krónunnar stöðugt og að því marki sem verðhækkanirnar reynast tímabundnar er ólíklegt að þær hafi langvarandi áhrif á verðbólgu.

Miðað við núverandi gengi krónunnar virðast hins vegar launahækkanir sem felast í nýgerðum kjarasamningum vera meiri en samræmist verðból gumarkmiðinu til lengdar. Þegar efnahagsbatinn færast í aukana gæti launaþrýstingur frá útflutningsgeiranum leitt til aukinna langtímaverðbólguvæntinga. Til þess að draga úr líkum á því að það gerist gæti reynst nauðsynlegt að auka aðhald peningastefnunnar á næstunni, en ákvarðanir í peningamálum munu sem fyrr taka mið af nýlegri þróun og horfum.

Peningastefnunefndin er reiðubúin til þess að breyta aðhaldi peningastefnunnar eins og nauðsynlegt er með hliðsjón af því tímabundna markmiði hennar að stuðla að gengisstöðugleika og í því skyni að tryggja að verðbólga verði nálægt markmiði til lengri tíma lítið.